

28. maí 1974.

177

Nr. 106.

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem hafa við komu til landsins meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skal heimilt að greiða af því, sem umfram er, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 117/1972, einkasölugjöld svo sem segir í gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst í farangri viðkomandi:

A. Áfengi:

	0.375 l	0.75 l
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperítívar	kr. 200.00	kr. 400.00
2. Íslenskar áfengistegundir	— 550.00	— 1 100.00
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a.	— 800.00	— 1 600.00

B. Reyktóbak:

Kr. 750 pr. dús. eða lbs.

C. Vindlingar:

Kr. 925.00 pr. karton.

D. Vindlar:

Smávindlar	kr. 100.00	pr. 10 stk.
Meðalstærð	— 300.00	— 25 —
Vindlar aðrir	— 500.00	— 25 —

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollefirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 1/1974 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 28. maí 1974.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.